

8. fundur *Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara í Námsmatsstofnun* **9. júní 2015, kl. 13-16.30.**

Mættir:

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður SteingrÍmsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Björg Pétursdóttir, Edda Kjartansdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Klara E. Finnbogadóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Ragnheiður Stefánsdóttir, Sigrún Grendal, Sigurbjörn Marinósson, Svanhildur M. Ólafsdóttir, Vigdís Jakobsdóttir (varamaður Kristínar Valsdóttur) og Sólrún Harðardóttir.

Eftirfarandi höfðu tilkynnt forföll: Haraldur Árni Haraldsson og Kristín Valsdóttir.

Sigurjón setti fundinn, fór yfir dagskrá og bauð fólk velkomið. Hann minnti á að með haustinu væri framundan lokalotan í vinnu fagráðsins, en starfstími þess er til febrúarloka 2016.

Future Teachers – umræða út frá greinargerð vinnuhóps

Í vinnuhópnum voru Aðalheiður, Björg P., Guðmundur, Klara og Sólrún. Greinargerðina má finna á slóðinni: <http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2015/02/greinargerdLOK300315.pdf>

Aðalheiður fylgdi greinargerðinni úr hlaði með nokkrum orðum en síðan var fundarmönnum skipt í þrjá hópa til að fjalla um þær tillögur sem vinnuhópurinn lagði fram. Í samræðunum voru eftirfarandi spurningar lagðar til grundvallar:

Hvernig nýtast tillögurnar inn í stefnumótun fagráðsins?

- Beint / hverju þarf að breyta?
- Raunhæft?

Hvert er mikilvægi þess er þarna er lagt til?

Sjáið þið aðrar hliðar á viðfangsefninu sem ættu að komast inn í umræðuna? Hverjar?

Kvikna aðrar hugmyndir? Hverjar?

Eruð þið sammála / ósammála? Rök?

Saknið þið einhvers frá ráðstefnunni?

Hópur A (Aðalheiður, Ársæll, Ingibjörg, Jón Torfi) fjallaði um tillögur 4.1 og 4.5

Hópur B (Björg, Guðbjörg, Guðmundur, Ragnheiður, Svanhildur og Vigdís) fjallaði um tillögur 4.2 og 4.4

Hópur C (Edda, Klara, Sigrún, Sigurbjörn og Sigurjón) fjallaði um tillögu 4.3

Niðurstöðum hópanna var komið fyrir á lokuðu vinnusvæði fagráðsins.

Hlutverk, ábyrgð og skyldur hagsmunaaðila

Nú hafa svör við bréfi borist frá Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands og jafnframt Samtökum tónlistarskólustjóra. (Sjá: <http://starfsthrounkennara.is/stefnumotunarvinna/>). Fulltrúar dróu út úr svörum þessum það helsta sem þeir vildu koma á framfæri á fagráðsfundinum. Að auki sögðu fulltrúar þeirra aðila sem ekki hafa enn svarað skriflega, frá sinni vinnu.

Eftirtaldir greindu frá:

Klara E. Finnbogadóttir fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Aðalheiður Steingrimsdóttir fyrir hönd Kennarasambands Íslands.

Edda Kjartansdóttir fyrir hönd Háskóla Íslands.

Vigdís Jakobsdóttir fyrir hönd Listaháskóla Íslands.

Guðmundur Engilbertsson fyrir hönd Háskólans á Akureyri.

Sigurjón Mýrdal fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Minnispunktum þeirra var komið fyrir á lokuðu vinnusvæði fagráðsins.

Það þótti eftirtektarvert að málefnið *starfsþróun kennara* hefur verið sett í forgang á flestum stöðum.

Rætt var um opna fundinn þar sem fjalla á um þetta mál, þ.e. hlutverk, ábyrgð og skyldur hagsmunaaðila varðandi starfsþróun og símenntun kennara. Fundurinn er ákveðinn 31. ágúst 2015, kl. 10-14 og verður haldinn í Gerðubergi. Fundinum verður streymt. Markmið fundarins eru að fá skýrt fram hvar línur liggja eða ættu að liggja. Allir hagsmunaaðilar þurfa að vita hver er þeirra ábyrgð og þurfa að standa við sitt. Einnig rætt um að gott sé að það sé á hreinu um hvað hagsmunaaðilar er sammála og ósammála. Í fyrstu má einbeita sér að því sem allir eru sammála um. Bent var á að þegar skýrt er hvar málefnið eiga heima (eða ábyrgðin ætti að liggja) væri auðveldara að styðja hvert við annað í því skyni að fylgja málum eftir.

Fyrir fundinn í ágúst þarf að undirbúa vel umræðuna og var ákveðið að skipa undirbúningshóp. Í hann fara Þórður Kristjánsson (Sís), Aðalheiður Steingrimsdóttir (KÍ), Edda Kjartansdóttir (HÍ), Sólrún Harðardóttir og mögulega fleiri.

Norrænt samstarfsverkefni

Í framhaldi af ráðstefnunni *Future Teachers...* og skýrslu um hana var lagt til að stofnuð yrði norræn nefnd um starfsþróun kennara. Nú er þessi nefnd orðin að veruleika og var hennar fyrsti fundur nýlega haldinn í Kaupmannahöfn. Um er að ræða 13 manna embættismannanefnd og er Sigurjón Mýrdal formaður. Björk Óttarsdóttir er annar fulltrúi Íslands í nefndinni. Fundirnir verða alls þrjár og er sá næsti áætlaður í Reykjavík í september nk. Miðað er við að nefndin skili af sér í desember. Viðfangsefni nefndarinnar eru m.a. tilhögun kennaramenntunar, gæði hennar, hæfni þeirra sem mennta kennara, fagmennska skólastjórnenda, samstarf háskóla við starfsvettvang og mismunandi leiðir inn í kennarastarfið.

Sigurjón ræddi hugmynd um að þessi nefnd og fagráðið hittust í september, nánar tiltekið þann 11. eftir hádegi. Þar væri nefndinni sagt frá fagráðinu og starfi þess. Rætt um að mögulega myndi stýrihópurinn ásamt öðrum áhugasömum úr fagráðinu mæta á fundinn.

Vinnan framundan

Fagráðið var hvatt til að fylgjast með minnispunktum frá stýrihópsfundum því þar væri fjallað um það sem væri í deiglu. Margt er nú komið fram eða fer að koma fram sem hægt er að móða úr, t.d. umræða dagsins í dag, umræða og greinargerð í tengslum við sjóðaskýrslu, svör hagsmunaaðila varðandi hlutverk, ábyrgð og skyldur, nokkur dæmi

um fyrirkomulag starfsþróunar í öðrum löndum og fleira og fleira. Talsvert hefur verið rætt um stefnumótunina sjálfa og það lokaplagg sem stefnt er á að verði til. Settur var niður rammi fyrir þetta lokaplagg. Framundan er að byrja að vinna inn í þennan ramma. Rætt hefur verið að taka fyrir starfendarrannsóknir og stuðning við nýliða með haustinu og fá þá væntanlega gesti inn á fund fagráðs. Minnt var á og farið lauslega yfir það sem kemur fram í skipunarbréfi fulltrúa fagráðs:

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar yður hér með aðalmann í fagráði um símenntun og starfsþróun kennara.

- Fagráðið er sameiginlegur vettvangur hagsmunaaðila sem greinir þarfir skólasamfélagsins, miðlar upplýsingum og setur fram hugmyndir sínar um stefnu varðandi símenntun og starfsþróun kennara.
- Fagráð tryggir að hagsmunaaðilar hafi samráð um áherslur í starfsþróun kennarastéttarinnar.
- Ráðið verður leiðandi í umræðu um þróun og stefnumótun um símenntun og starfsþróun og setur fram stefnu sína og hugmyndir að nýjum áherslum og leiðum.
- Ráðið leitar upplýsinga um helstu strauma og stefnur varðandi þessi mál sem víðast og miðlar upplýsingum um það til skólasamfélagsins til dæmis á ráðstefnum, fræðslufundum og málþingum.
- Fagráð aflar upplýsinga um þörf fyrir símenntun til dæmis með samræðu hagsmunaaðila og miðlar framboði á símenntun og starfsþróun kennara á upplýsingaveitu.

Á vegum fagráðs starfar fimm manna stýrihópur, einnig geta vinnuhópar starfað að ákveðnum málefnum. Ráðið getur tengst sambærilegum aðilum erlendis sem vinna að svipuðum málefnum.

Skipunartímabil er frá dagsetningu bréfs þessa til 26. febrúar 2016.

Önnur mál

Næsti fundur

Stýrihópur hefur lagt til að næsti fundur í fagráði verður í lok september. Í ljós kom að 24., 25., 29., 30. september, 2. október og miðvikudagar eru ekki heppilegir dagar. Sólrún mun senda út könnun til fagráðsins til að komast niður á sem bestan tíma.

Stofnun vinnuhóps

Jón Torfi bar formlega fram tillögu um stofnun vinnuhóps um *kennaramenntun sem ævimenntun*. Tillagan byggir á tillögu nr. 4.4 sem fram kemur í greinargerð vinnuhóps um ráðstefnuna Future Teachers og hljómar nú svona:

Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur sem leggi mat á reynsluna af markmiðssetningu kennaramenntunarlaga 2008 um dýpt í námi, sérhæfingu og vettvangsnám. Vinnuhópurinn ræði skipulag og inntak kennaramenntunar út frá heildstæðri sýn á kennaramenntun sem ævimenntun og setji fram hugmyndir um breytingar á á núverandi skipulagi. Eftirfarandi verði m.a. haft til hliðsjónar:

- Grunnmenntun og vægi starfsþjálfunar á vettvangi.
- Nýliðaþjálfun.
- Leiðsögn og handleiðsla í starfi.
- Símenntun og starfsþróun í starfi.
- Ígrundun í starfi, rannsóknir á vettvangi alla starfsævina.

Tillaga Jóns Torfa var samþykkt.

Sólrún Harðardóttir fundarritari